



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2013 (36. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 12.09.2013 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Páll Pálsson	settur skipulagsfulltrúi
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæslan

Magnús Stefánsson boðaði forföll.

1. Málefni skipulagsfulltrúa

Sigurður H. Ólafsson hefur hætt störfum sem skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar og mun Páll Pálsson, starfsmaður Isavia, sinna starfinu fyrst um sinn.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – kynning á stöðu vinnunnar

Skipulagsfulltrúi kynnti vinnu við aðalskipulagið. Eftirfarandi atriði komu fram:

- Flugbrautir: Beðið er eftir niðurstöðu Flugleiðsögusviðs um legu nýrra flugbrauta. Óskað hefur verið eftir álit Boeing verksmiðjanna vegna nálægðar fyrirhugaðrar flugbrautar við ratsjárstöðina H1. Það álit er komið. Í umræðunni er að fá álit Mott MacDonald flugbrautunum.
- Aðrir þættir í vinnslu:
 - Aðkoma að flugstöðinni
 - Fráveita
 - Lega olíulagna
 - Menningarminjar
 - Greinargerð og upprættir
- Seinkun er á vinnunni miðað við áætlun. Gert er ráð fyrir að drög að aðalskipulagi liggi fyrir í nóvember.
- Samráð við sveitarfélögin og Vegagerðina.

3. Fálkavöllur 17 - breyting á deiliskipulagi

Lagt var fram erindi um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fálkavöllur 17. Breytingin felst í því að spennistöð er færð austur fyrir lóð IGS og liggur hún að lóðarmörkum hennar. Lóðin er 22,4 m² að stærð.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Skipulagsnefndin metur breytinguna á deiliskipulagi sem óverulega og samþykkir að fram fari grenndarkynning gagnvart aðliggjandi lóðarhöfum sem eru IGS og Isavia.

4. Staða skipulags- og byggingarmála á Keflavíkurflugvelli

Lagt var fram yfirlit fyrrum skipulagsfulltrúa, dags. 21.08.2013, yfir stöðu skipulags- og byggingarmála á Keflavíkurflugvelli. Um er að ræða eftirfarandi atriði:

- Starfsreglur skipulagsnefndar
- Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar
- Vinnuhópur um deiliskipulag
- Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar
- Göngu- og hjólastígar
- Þjónustumiðstöð Keflavíkurflugvallar
- Dreifistöð Fálkavöllur 17

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 07.11.2013.

Fleira ekki gert, fundi slitið.